



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavíkurborg
b.t. borgarstjóra

Reykjavík 16. september 2022

Efni: Gjaldtaka í strætisvögnum fyrir börn

Þann 3. desember á síðasta ári, sendi umboðsmaður barna bréf til framkvæmdastjóra og stjórnar Strætó bs., þar sem óskað var skýringa vegna nýrrar gjaldskrár, en samkvæmt henni hækkaði gjald fyrir árskort ungmenna verulega, eða úr 25.000 kr. í 40.000 kr., en hækkunin nam um 60%. Á sama tíma voru gjöld fyrir mánaðarkort fullorðinna notenda þjónustu Strætó bs. lækkuð.

Þann 24. janúar sl., sendi umboðsmaður barna bréf til borgarstjóra Reykjavíkur og bæjarstjóra Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, þar sem óskað var svara við því hvernig umrædd hækkun samræmist bestu hagsmunum barna á höfuðborgarsvæðinu. Einnig óskaði umboðsmaður eftir svörum við því hvort mat hafi verið lagt á áhrif þessarar ákvörðunar á þau börn sem ljóst er að hækkunin snerti hvað mest, þ.e. börn sem búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður. Þá óskaði umboðsmaður barna eftir skýringum borgarstjóra og bæjarstjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á því, hvernig umrædd sveitarfélög, sem hafa öll lýst því yfir að vera barnvæn, rökstyðja umrædda hækkun á nauðsynlegri þjónustu fyrir börn. Engin svör hafa borist frá borgarstjóra og umboðsmaður barna vill því minna á að bréfinu er enn ósvarað, tæpum átta mánuðum eftir að það var sent. Tekið skal sérstaklega fram að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu og unnið að því að stjórnvöld taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, á öllum sviðum samfélagsins.

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar í Reykjavíkurborg, frá júní 2022, er m.a. fjallað um fyrstu breytingar sem hinn nýi meirihluti borgarstjórnar hyggst ráðast

Í. Þar kemur m.a. fram að strætósamgöngur eigi að verða ókeypis fyrir börn á grunnskólaaldri. Ekki hefur komið fram hvenær eigi að ráðast í umræddar breytingar, né með hvaða hætti.

Með vísan til framangreinds og með hliðsjón af því að um er að ræða breytingar sem nýr meirihluti tilgreindi sérstaklega að ættu að vera með fyrstu aðgerðum sem ráðast átti í, óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvenær til standi að ráðast í umræddar breytingar. Einnig óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvort Reykjavíkurborg muni beita sér fyrir því að um samstarfsverkefni allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verði að ræða, til að tryggja niðurfellingu á gjaldtöku í strætisvögnum fyrir öll börn á grunnskólaaldri á höfuðborgarsvæðinu, óháð búsetu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna